

Mál nr. 15/2026**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar.****Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 14. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 26. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 6. mars 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við störf sín hjá X þegar hún var við gæslu í frímínútum. Slysið hafi orðið þegar M var að stöðva slagsmál milli tveggja nemenda á skólalóð. Hálsa hafi verið á lóðinni og hafi M dottið vegna háliku með annað barnið í fanginu. M gerði kröfu um að V staðfesti bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X þar sem M taldi að X bæri skaðabótaábyrgð á slysinu á grundvelli meginreglu skaðabótaréttar um sök og vinnuveitendaábyrgð. Slysið hafi orðið þar sem X hafi ekki verið búíð að salta/sanda nægilega. Það lægi því fyrir að aðbúnaður á vinnustað M hafi ekki verið í samræmi við þær kröfur sem gerðar væru til vinnustaða skv. lögum nr. 46/1980 sem og grunnskóla skv. lögum nr. 91/2008. V hafnaði að bótaskylda væri til staðar úr ábyrgðartryggingu V þar sem slysið yrði ekki rakið til saknæmrar háttsemi vátryggingartaka. Á X hafi ekki hvílt rík skylda til þess að vera búíð að sanda/salta umrætt svæði. Slíkt yrði ekki ráðið af dómafordæmum né væri með sanngjörnum og eðlilegum hætti hægt að gera sambærilegar kröfu til bílastæða eða annarra svæða á lóð líkt og gert er næst inngangi og á gangstéttum. M mótmælti afstöðu V og byggði m.a. á að það svæði sem slysið varð á væri hluti af því svæði sem notað væri af skólanum í frímínútum. Þegar starfsmenn skólans sinni gæslu í frímínútum standi þeir iðulega á þessu malbikaða svæði og börn leiki sé þar. Jafnframt var vísað til þess að samkvæmt tilkynningu til SÍ teldi X sig bera ábyrgð á slysinu þar sem þetta svæði væri hálkuvárið enda komi skýrt fram í tilkynningunni að ekki hafi verið búíð að salta/sanda svæðið nægilega og búíð hafi verið að biðja um að þarna yrði saltað/sandað meira. Öryggi nemenda og starfsmanna X hefði því ekki verið tryggt með fullnægjandi hætti á útisvæði skólans. Skort hafi á hálkuvarnir væru fullnægjandi. Slysið hafi verið bein afleiðing af því að aðstæður væri ófullnægjandi með tillit til öryggis í umrætt sinn. V hafnaði að endurskoða afstöðu sína.

Í málskoti byggir M á því að skaðabótaábyrgð X sé ótvíræð á slysinu og að V beri að staðfesta bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X. Ríkar skyldur hvíli á X að tryggja öryggi starfsmanna og nemenda. Vísar M til 13. og 37. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 3. mgr. 20. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, og 3. og 7. gr. reglugerðar nr. 657/2009. X hafi vanrækt þær skyldur sem á því hvíldu samkvæmt fyrirmælum í framangreindum lagaákvæðum. Slysið hafi átt sér stað í frímínútum vegna verulegrar háliku á svæði sem væri óaðskiljanlegur hluti af skólalóðinni, reglubundið notað af nemendum við leik og af starfsmönnum við gæslu. X hafi sérstaklega tekið fram í tilkynningu til SÍ að svæðið hefði ekki verið nægilega hálkuvárið í umrætt sinn og búíð hefði verið að biðja um frekari hálkuvarnir. X hafi því verið meðvitað um ástandið og vanrækt að bregðast við þeirri augljósu slysaþætti sem aðstæður á svæðinu sköpuðu. Auðvelt hefði verið að koma í veg fyrir slys kæranda með því að hálkuverja svæðið með fullnægjandi hætti, loka svæðið af fyrir nemendum þar til búíð væri að hálkuverja það eða senda börn ekki út í frímínútur á meðan ekki væri unnt að tryggja öryggi þeirra og starfsmanna á skólalóðinni. M telur að tilvitnun V til þess að vægari skyldur hvíli á rekstraraðilum að tryggja öryggi á bílastæðum en við innganga og á gangstéttum, eigi ekki við í þessu máli. Kröfu sinni til stuðnings vísar M til Lrd. nr. 11/2019, Hrd. í máli nr. 251/2005. M fer þess á leit við nefndina að hún endurskoði afstöðu V og staðfesti að bótaréttur sé til staðar úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Í athugasemdum V er í fyrsta lagi byggt á að aðilar máls séu ósammála um hvort umrætt svæði sem slysið varð á sé bílastæði eða hluti skólalóðar. Í tilkynningu til SÍ sem undirrituð var af báðum aðilum

komi fram að slysið hafi gerst á bílastæði. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi slysið orðið á bílastæði. V telur engan vafa leika á að um bílastæði sé að ræða og vísar til fyrirbyggjandi gagna í málinu. Svæðið sé ekki einungis skilgreint sem bílastæði heldur sé í raun notað sem slíkt. En jafnvel þó að svæðið þar sem slysið gerðist teldist ekki til bílastæðis telur V samt sem áður að ekki verði gerðar þær kröfur til rekstraraðila grunnskóla að öll svæði á skólalóðinni séu hálkulaus. V fellst ekki á að það sé hægt að lesa slíkt úr dómaframkvæmd. Af fyrirbyggjandi myndum sé ljóst að slysið hafi gerst töluvert langt frá inngangi skólans. Á rekstraraðilum verslana og þjónustu hvílir sú skylda að gera þær ráðstafanir sem sanngjarnt má telja til þess að tryggja öryggi viðskiptavina og þjónustuaðila. Þær skyldur séu ríkar næst inngangi, þ.e. við inngang og á gangstéttum, sbr. dómafordæmi Hæstaréttar. Hvorki verði ráðið af dómafordæmum, né verði með sanngjörnum og eðlilegum hætti unnt að leggja þær ríku skyldur á verslunar- og rekstraraðila, að sambærilegar kröfur verði gerðar til bílastæða eða annarra svæða á lóð. Þessu til stuðnings vísar V til Lrd. í máli nr. 641/2020. V fallist ekki á að ríkari kröfur séu gerðar til rekstraraðila grunnskóla heldur en til rekstraraðila verslunarhúsnæðis í dómaframkvæmd. Samkvæmt upplýsingum frá X er snjóbræðslukerfi við neðra bílastæðið og að starfsmenn X sjái um hálkuvörnir við skólann eftir þörfum. V hafnar því að Lrd. í mál nr. 11/2019 eða Hrd. í máli nr. 251/20025 hafi fordæmisgildi í málinu. V telur slysið því ekki að rekja til saknæmrar háttsemi X. Slys M verði ekki að rakið til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á að lögum og er bótaskylda því ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Í viðbótarathugasemdum M er málalíbúnaði V hafnað í heild sinni. M ítrekar að slysið hafi orðið á svæði sem hafi átt að vera hálkuvárið þar sem það hafi verið nýtt við leik af nemendum reglubundið í frímínútum og starfsmönnum við gæslu. Með því að sinna ekki hálkuvörnum á umræddu svæði hafi X ekki sinnt þeim ríku skyldum sem á því hvíldu, sbr. 3. mgr. 20. gr. laga nr. 91/2008 og 7. gr. reglugerðar nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða.

Álit.

Ágreiningur máls þessa snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Eins og að framan greinir byggir M skaðabótakröfu sína á því að aðstæður á vinnustað hafi verið óforsvaranlegar á meðan V byggir höfnun sína á því að tjón M verði ekki rakið til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Í málinu er óumdeilt að M datt í háлку á vinnutíma þegar hún var að störfum hjá X.

Aðila máls greinir á um hvort slysstaðurinn hafi verið órjúfanlegur hluti skólalóðar eða bílastæði og þá hversu rík skylda hafi hvílt á X að háлкуverja slysstaðinn. Í málinu liggur fyrir tilkynning til SÍ sem gerð var mánuði eftir slysið og undirrituð af hálfu beggja aðila. Í henni segir: „Slysið gerist á bílastæði sem var ekki búíð að salta/sanda nægilega. Búíð var að biðja um að salta/sanda meira.“ Þá liggur jafnframt fyrir samkvæmt myndum sem lagðar hafa verið fram að bílum er lagt á umræddu svæði, akvegur er að umræddu svæði og því gert ráð fyrir umferð ökutækja þar. Nefndin telur að M hafi ekki tekist að sýna fram á að umrætt svæði sé eingöngu nýtt sem leiksvæði fyrir börn í frímínútum og sé þannig órjúfanlegur hluti skólalóðar.

Samkvæmt tilkynningu til SÍ liggur fyrir að umrætt svæði hafði verið háلكuvárið en óskaði hafi verið eftir frekari söltun/söndun svæðisins. Almenn má gera þá kröfu til skólayfirvalda að þau háلكuverji helstu leiksvæði barna og gönguleiðir starfsmanna á skólalóð. Í málinu hafa ekki verið lögð fram gögn um það hvenær beiðni um frekari söltun/söndun svæðisins var lögð fram og þá liggur ekki fyrir í gögnum málsins hvenær dagsins slysið varð. Það liggur því ekki fyrir hversu langur tími leið frá því að beiðni um frekari söltun/söndun var lögð fram og þar til slysið varð. Fyrir nefndinni liggja heldur engar upplýsingar um veðurfar á slysdegi eða í aðdraganda slyssins. Án slíkra upplýsinga verður ekki fullyrt um að X hafi borið að grípa til ráðstafana til að háلكuverja svæðið og er því ekki sýnt fram á vanrækslu þess að þessu leyti. Verður einnig að hafa í huga að vetrarveður á Íslandi getur verið með þeim hætti að aðstæður breytast hratt og ekki liggur fyrir að sérstakar ráðstafanir af hálfu X hefðu komið í veg fyrir fall M enda getur háلكuvörn á bílastæði aldrei komið í veg fyrir öll slys. Verður því ekki annað séð en að tjón M verði rakið til óhappatilviljunar, en ekki atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 21. apríl 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir